

Rökstuðningur vega úthlutunar styrkja

Þróunarverkefnasjóður Flateyri 2024

Auglýst var eftir umsóknum í þróunarverkefnissjóð Flateyrar þann 28. nóvember 2023, með umsóknarfrest til og með 7. Janúar 2024. Til úthlutunar voru 21.4 milljónir. Alls bárust 29 umsóknir þar sem í heildina var sótt um rúmlega 71 milljónir af heildarkostnaði verkefna upp á 100 milljónir, þar af hlutu 18 brautargengi. Flestar umsóknir vísuðu til með einum eða öðrum hætti til markmiða Flateyrarverkefnisins og niðurstaðna íbúabings og áherslum í sóknaráætlun Vestfjarða. Mat verkefna tekur mið af íbúasamráði í tengslum við samfélagsverkefni á Flateyri og markmið Sóknaráætlunar Vestfjarða. Umsóknir sem bárust í sjóðinn voru metnar af verkefnisstjórn byggðalagsins, sem skipuð er fulltrúum frá Ísafjarðarbæ, Vestfjarðastofu og hverfaráði Önundarfjarðar.

Veittir voru verkefnastyrkir til 18 verkefna samtals 21.4 milljónir króna. Þau verkefni sem hlutu styrk í þetta sinn eru kynnt stuttlega hér að neðan. Þeir aðilar sem sendu inn umsóknir núna en fengu ekki úthlutað, eru eindregið hvattir til að sækja um í aðra sjóði sem gætu vel fallið að þeirra verkefni og áformum.

Almennt:

Þróunarverkefnasjóður Flateyrar byggir á samskonar reglum og verklagi og unnið er með í verkefnum Brothættra byggða og getur sjóðurinn tekið þátt í fjármögnun styrkhæfs kostnaðar einstakra verkefna í samræmi við aðgerðaáætlun verkefnisins og /eða ákvörðun verkefnisstjórnar.

Verkefni þurfa að styðja við framtíðarsýn og markmið í Flateyrarverkefnisins, eins og þau komu fram á íbúabingi, ásamt markmiðum Sóknaráætlunar Vestfjarða. Ekki er gerð krafa um mótframlag en jafnan er það talið verkefnum til framdráttar ef þau laða fram krafta þátttakenda.

Styrkhæf verkefni eru rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættrar vöru eða þjónustu. Einnig er heimilt að styrkja stofnfjárfestingu í hvers konar verkefnum að því gefnu að þau raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði. Enn fremur samfélagsefandi verkefni önnur en þau sem teljast til lögbundinna og/eða hefðbundinna verkefna ríkis eða sveitarfélaga. Um verkefni sem kostuð eru að hluta af verkefninu Brothættum byggðum gilda eftirfarandi reglur:

Styrkir til styrkþega séu innan marka samkvæmt reglum EES um minniháttaraðstoð:

Með vísan til reglugerðar um minniháttar aðstoð sem er hluti af EES-samningnum ber umsækjanda að upplýsa um annan opinberan stuðning á tveimur næstliðnum reikningsárum og yfirstandandi reikningsári vegna sama verkefnis eða annarra verkefna á vegum umsækjanda, enda sé sá stuðningur veittur í samræmi við reglugerð um minniháttar aðstoð. Samkvæmt reglunum mega styrkir ekki fara upp fyrir 200.000 evrur á þremur árum. Upplýsa skal hvort slíkur stuðningur hafi verið mótttekinn og þá þær fjárhæðir sem um ræðir.

Um verkefni sem kostuð eru af verkefninu Þróunarverkefnasjóður Flateyrar gilda eftirfarandi reglur:

Viðurkenndir kostnaðarliðir vegna styrkhæfra verkefna:

- ✓ Laun og launatengd gjöld
- ✓ Rekstrarvörur og efni o.fl.
- ✓ Aðkeypt þjónusta
- ✓ Ferðir og fundir
- ✓ Markaðsrannsókn/könnun

- ✓ Stofnfjárfestingu, ef fyrir liggur að verkefni raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði.

Þróunarverkefnasjóður Flateyrar fjármagna ekki:

- Fjárfestingu í hráefnum þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.
- Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þeirra þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu. Undantekning frá þessum lið er stofnfjárfesting í búnaði og aðstöðu að uppfylltum sérstökum skilyrðum um að verkefni raski ekki samkeppni (sjá nánar heildarreglur)
- Markaðsfærslu og sölustarfsemi umfram framangreint.

Verkefnisstjórn samfélagsverkefnis á Flateyri samþykkir ekki kostnað sem fallið hefur til vegna verkefnis áður en umsókn er lögð inn hjá verkefnisstjórn, þ.m.t. mótframlag þátttakenda.

Sjá reglurnar í heild sinni á slóð: <https://www.vestfiridir.is/static/files/Flateyri/verklag-um-umsyslufjarmuna-throunarsjods-flateyrar-2020.pdf>

Rökstuðningur með styrkveitingum vegna umsókn

ÞS.Flat.2024-1 Marketing campaign for Wakeboarding Iceland. Justas Suscickis

Wakeboarding Iceland is an innovative tourism start up based in the beautiful and relatively unspoiled area of the Westfjords in Iceland. Our goal is to combine the joy of wakeboarding with the natural beauty of the Westfjords to create a unique, unforgettable experience for both beginners and experienced wakeboarders from around the world. One of our goals is to improve our sales for summer 2024. To reach such a goal we signed multiple partnership agreements with partner agencies who are happy to sell our tours for a commission fee. Our new partners are: Westours, Borea adventures, Viator, Trip advisor, Manawa, Tour desk, Iceland highlights travel agency, Iceland travel guide, Get your guide, Guide to Iceland. Every new business wishes to start their journey with backup from partners in sales.

Styrkur verðu nýttur til eftirfarandi þátta:

Video shoot. The videographer will take video shots of the process of wakeboarding as seen from the perspective of a client - from preparation to being on water and enjoying the tour."

Photo shoot. A photographer will plan and execute the shoot of a photo content for the purposes of the advertising and communication. Subsequently he/she will take these shots through post production - cutting, colour grading.

Graphic works. A graphic designer will deliver all the formats defined by the strategy such as all the social media posts, Insta stories, cover photos, videos for online, print, poster, flyers, etc.

Copywriting. A copywriter will provide all the texts to accompany all the visuals, such as texts for social media posts, video descriptions, Insta Stories, banner headlines and subheadlines, a poster and texts for the flyer.

Media Publishing. Based on the content plan, a media timeline, media will be published accordingly. This means setting up the advertisement in the respective media platform, such as Meta Business Manager for Instagram and Facebook, Youtube Studio for Youtube, Google Ads for Youtube Ads and Google Search Ads and Display banners.

Ordering payed services to target desired audience on Youtube,

Umsögn verkefnisstjórnar:

Markaðssetning á Wakeboards. Búa til myndbönd sem notuð verða til markaðssetningar. Mælt með styrk.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.500.000,-

ÞS.Flat.2024-2 Bókmenntahátíð Flateyrar. Karíba útgáfa

Markmið verkefnisins er að halda bókmenntahátíð á Flateyri þar sem vestfirskir rithöfundar og rithöfundar af landinu öllu koma saman á þriggja daga bókmenntadagskrá. Markmiðið er að virkja samfélagið á Flateyri og skólana í Ísafjarðarbæ. Einn dagur verður tileinkaður upplestrum og öðrum viðburðum fyrir skólabörn sem kæmu til Flateyrar til þess að upplifa dagskrá sem væri sérsniðin fyrir þau. Hina tvo dagana yrði blönduð dagskrá fyrir börn og fullorðna með upplestrum og umræðum á íslensku, ensku og pólsku.

Umsögn Verkefnisstjórnar:

Frekar sérhæft og markhópur gæti verið takmarkaður.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000,-

ÞS.Flat.2024-3 Vestfjarðabók. Fjólubláa Húfan ehf.

Markmið verkefnisins er að gefa út flottustu bók síðan Hjálmar R. Bárðarson gaf út bókina sína Vestfirðir árið 1993. Sérkenni Vestfjarða verða dregin fram, sagt frá atvinnulífi, listum og menningu í gegnum fólkið sem hér býr í nútíð og fortíð. Bók þessi verður sófaborðsbók í hæsta gæðaflokki sem mun vekja áhuga og athygli á fjórðungnum bæði innan lands og utan. Styrkur frá Þróunarsjóði Flateyrar myndi gera útgefanda kleift að gera Öfundarfirði betri skil en ella í bókinni og auka þannig sýnileika þessa fallega fjarðar og þess samfélags sem þar býr.

Umsögn Verkefnisstjórnar:

Bók um Vestfirði, ágætt verkefni, fín umsókn og gæti verið áhugavert fyrir Öfundarfjörð

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

ÞS.Flat.2024-5 Nýtt upplýsingaskilti um snjóflóðið 1995. Félagið Hús og fólk

Markmiðið er að bæta út mjög villandi upplýsingum sem eru á upplýsingaskilti við þvergarðinn á snjóflóðavarnargarðinum ofan Flateyrar. Á skiltinu eru veittar upplýsingar um snjóflóðið sem féll á Flateyri 26. október 1995 bæði í texta og mynd. Það er myndin/teikningin sem gefur þeim sem leita eftir upplýsingum um flóðið afar villandi mynd af því sem gerðist. Ekki eru gerðar athugasemdir við -textann. Þar sem myndin er fyrst og fremst það sem grípur athygli þeirra sem skoða - og höfðar sterkar til þeirra en textinn - gefur upplýsingaskiltið rangar upplýsingar

Umsögn verkefnisstjórnar:

Ekki hár styrkur, í raun sjálfsagt að styrkja. Ætlað til að lagfæra skilti

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 400.000,-

ÞS.Flat.2024-6 Önundarfjörður Ocean Activity Festival. Nicole Sühring – Wildness Flateyri ehf.

Our project aims to host a free outdoor water sports festival in Önundarfjörður, providing the local community with opportunities for recreational activities, fostering a sense of community participation, collaboration among local companies, and providing marketing opportunities. The primary goals include: 1. Local Community Engagement: Encourage local residents' active involvement in outdoor recreational activities such as paddle boarding, surfing lessons, sea kayaking, wakeboarding, camping, and live music, promoting social interactions and a sense of community bonding. 2. Local Business Collaboration: Foster collaboration among local companies - Wakeboarding Iceland, Borea Adventures, and Wilderness Flateyri - by providing them with opportunities to showcase their offerings and gather marketing material. The grant funding will support our efforts in coordinating the festival, compensating the hours dedicated to planning, coordination, and marketing. This festival aims to create an enriching experience for the community by promoting outdoor activities, fostering collaboration among local businesses, and providing marketing opportunities for their services.

Umsögn verkefnisstjórnar:

Markaðssetning á Sjávarhátíð. Kynningarefni og auglýsingar. Mælt með styrk.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

ÞS.Flat.2024-7 DataNorth Analytics (aka: AtNorth-Analytics). Automata

Markmið verkefnisins er að geta byggt upp öfluga gagnavinnslu, gagnasafn og þjónustu með þeim hugbúnaði sem þróaður verður á tímabilinu. Að félagið verði fært um að gera gagnavinnslusamninga við stofnanir, fyrirtæki eða sveitarfélög án þess að vera með sérhæft starfsfólk, nema er lýtur að þróunarhluta verkefnisins. Að geta í framhaldinu boðið sömu aðilum þjónustu við greiningu og framsetningu gagna eftir hefðbundnum leiðum, til að byrja með, sem verða svo þróaðar áfram þar sem dýpra er farið í tengsl milli ólíkra tölulegra gagna. Fyrsti hluti verkefnisins þ.e. hugbúnaðurinn verður notaður til að koma upp gagnasafni sem samanstendur af opinberum gögnum, stoðgögnum og sérvinnslu. Gagnasafnið verður selt í áskrift og hægt verður að kalla á það með einföldum hætti í gegnum vefþjónustu.

Umsögn Verkefnisstjórnar:

Áhugavert verkefni, frekar sérhæft verkefni. Þekking til staðar hjá umsækjanda og líklegt að verkefni geti raungerst.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.350.000,-

ÞS.Flat.2024-8 Þróun útivistar-alþjóðabrautar. Þýðing námsskrár og kynningarefnis á ensku. Lýðskólinn á Flateyri

Markmiðið með verkefninu er að þýða nýendurskoðaða námsskrá útibrautar yfir á ensku sem og kynningarefni tengt brautinni, þar sem áformað er að kenna brautina á ensku frá og með næsta hausti til að stækka markhóp Lýðskólans

Umsögn verkefnisstjórnar:

Fín og skýr umsókn um afmarkað verkefni sem getur haft umtalsverð áhrif fyrir Lýðskólann

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

ÞS.Flat.2024-9 Frisbígolfvöllur Flateyrar – frágangur. Sigurður Grétar Jökulsson

Markmið verkefnisins er að gera völlinn sýnilegan svo að almenningur geti nýtt sér völlinn án vandræða og rati um völlinn því engar merkingar eru eins og staðan er í dag. Þetta er gert með því að ráða grafískan hönnuð til að teikna skilti af völlum. Birgir Ómarsson mun verða ráðinn til að teikna upp völlinn, en hann hefur teikna 95% velli landsins eins og má sjá á folf.is. Sú mynd þarf svo að vera prentuð út í stórri mynd og sett á sterkt skilti sem stenst versfirsku veðráttu. Einnig þarf að setja upp teiga við allar holur, og við nokkrar holurnar að byggja teig úr timbri og setja á hann gervigras (sem ætti að vera hægt að nýta frá gamla gervigrasvellinum á Ísafirði). Suma teiga má nýta náttúrulegar aðstæður eins og stíga. Svo þarf að sinna viðhaldi á svæðinu eins og að slá, jafnvel sá grasi ef þarf. Svo þarf að færa til körfur þegar

framkvæmdir hefjast á varnagarðinum, með tilheyrandi vinnu og raski á velli. Að framkvæmd lokinni, er svo varanleg teikning og teigar sett upp.

Umsögn verkefnisstjórnar:

Ágæt umsókn, frísíggjufvöllurinn er mikið notaður og hefur nýst vel.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.500.000,-

ÞS.Flat.2024-10 Hamprækt. Geir Magnússon, Önundur Hafsteinn Pálsson

Verkefnið felst í því að stækka og bæta við þá ræktun sem þegar er hafin. Núna hafa verið sett upp 4 ræktunartjöld með ljósum og loftræstingu til að rækta hampblóm í og ná þau tjöld engan veginn að anna eftirspurn. Núna getum við uppskorið mánaðarlega en magnið er takmarkað og markaðurinn vill og getur tekið við töluvert meira heldur en hægt er að framleiða við núverandi aðstæður. Við höfum nú í rúmt ár verið að gera tilraunir með mismunandi yrki, næringu, ljós osfrv. og höfum nú komið okkur fyrir til bráðabirgða á efri hæð Vagnsins á Flateyri. Það gengur mjög vel og lofar góðu en það húsnæði hentar ekki til frambúðar. Við höfum rætt við ýmsa um að taka á leigu/kaupa eða byggja húsnæði sem gæti hentað sem framtíðarhúsnæði fyrir hamprækt á Flateyri

Umsögn verkefnisstjórnar:

Flott og auðlesin umsókn. Trúverðugt verkefni sem mælt er með að styrkja.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 3.000.000,-

ÞS.Flat.2024-11 Villt að vestan, sveppasósur og matvælavinnsla 425 ehf

Markmið verkefnisins er að þróa sósublöndur með vestfirskum skógarsveppum og láta hanna hentugar og fallegar umbúðir utan um þær. Hér er sótt um styrk fyrir heimasíðu, auglýsingaefni sem og kynningar og söluferðum til Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er einnig að koma af stað rekstri og sölu á hinum ýmsu sveppa- og sveitaafurðum. Vörumerkið heitir Villt að vestan.

Umsögn verkefnisstjórnar:

Mjög áhugavert og spennandi verkefni sem er nokkuð líklegt að umsækjendur geti framkvæmt m.v. gögn. Mælt með styrk sem er skilyrtur til hönnunar og þróunar.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 2.500.000,-

ÞS.Flat.2024-13 Children's Cultural Activities. Dr Rachele Elliott

As a result of feedback from children and parents who attended the Krakkadisko held in Flateyri as part of the Westfjords Children's Cultural Festival in September 2023, a group of local artists are offering to run monthly cultural activities in Flateyri for children in the Westfjords for ten months of the year. These activities will be done in consultation with Grettir, the local sports club, who are willing to be involved in this project. The intention is to offer activities to grunnskoli age children, with those under 12 years of age requiring adult supervision. Activities will be held on weekends at the Flateyri Community Hall unless an alternate venue is needed for a specific activity. Each activity will be event managed and facilitated by two presenters. The monthly event will be three hours in duration.

Umsögn verkefnisstjórnar:

Mörgu leiti sniðug hugmynd, ágæt umsókn og afmarkað verkefni.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

ÞS.Flat.2024-16 Útkall 2024. Kjartan Tindur Gunnarsson

Útkall, tónlistar og listahátíð á Flateyri, hefur starfað síðan 2022. Á síðustu hátíð 2023 komu fram meira en tíu atriði frá Íslandi ásamt einum listamanni frá Svíþjóð. Viðburðirnir drógu að sér meira en 250 gesti. Fyrir komandi viðburð 2024, ætlar Útkall að skapa aftur einstaka listahátíð yfir verslunarmannhelgina á Flateyri. Áhersla er á menningarlegan samþætting og aðgengi, með það markmið í huga að sameina fólk gegnum list og menningu.

Umsögn verkefnisstjórnar:

Tónlistarhátíð um Verslunarmannahelgi. 2023 voru 250 gestum. Fjölbreyttur hópur. Gert ráð fyrir að selt sé inn á hátíðina og það er mótframlagið. Ítarleg umsókn.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.500.000,-

ÞS.Flat.2024-18 Leiksýning í fullri lengd. Leikfélag Flateyrar

Markmið verkefnisins er að setja upp glæsilega leiksýningu í fullri lengd haustið 2024. Verkefnið er að mestu unnið í sjálfboðavinnu af þróttmiklum Flateyringum sem hafa það að markmiði að efla samfélagið og skemmta íbúum Flateyrar og nærliggjandi byggða. Haldnar verða á bilinu 4-6 sýningar. Bráðlega verður ráðinn leikstjóri og leikrit valið, en markmiðið er að setja upp sýningu sem hentar fyrir alla fjölskylduna.

Umsögn verkefnisstjórnar:

Skýr og góð umsókn. Verkefnið fínt og getur verið gott innlegg í menningarlíf Flateyrar.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 650.000,-

ÞS.Flat.2024-19 FarFlat – Deilibíla verkefni á Flateyri. Erla Margrét Gunnarsdóttir

Markmið verkefnisins er að setja upp lúxus tjaldgistingu á tjaldsvæðinu í Korpudal, en slík gisting hefur náð miklum vinsældum hér heima og erlendis á undanförunum árum. Tjaldsvæðið í Korpudal er staðsett í innfirði Öfundarfjarðar og er umlukið stórkostlegum fjallasal. Þar rennur áin Korpa og er svæðið með einstakt fuglalíf. Þessi nánd við náttúruna er sérstaða tjaldsvæðisins og í lykilatriði unaðslegri upplifun á svæðinu. Tjaldgisting færir gesti nær þessari náttúru. Með því að bjóða upp á lúxus gistingu í tjaldi má færa slíka upplifun til hóps sem ella gistir ekki reglulega í tjaldi.

Umsögn verkefnisstjórnar:

Mjög áhugavert verkefni, ágæt umsókn og verkefnið talar inn í deiliahagkerfið og "núttímavæðingu" Flateyrar og gæti nýst sem nokkurs konar frumgerð og fyrirmynd fyrir sambærilega byggðakjarna.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 800.000,-

ÞS.Flat.2024-22 Gróa. Svanbjörg Gróa Hinriksdóttir

Markmið verkefnisins er að þróa áfram græðandi smyrsl sem ég hef aðstoðað föðursystur mína við að gera í tugi ára. Áætlunin er að gera kraftmeyra smyrsl úr jurtum sem ég týni hér í Öfundarfirði. Jurtirnar þarf að tína á mismunandi tímum yfir sumarið þ.e. á mismunandi þroskastigi plöntunnar. Mesta vinnan felst í því að tína plönturnar og þurrka yfir sumarið, flokka lauf, stilk og rætur sér. Með þessu get ég soðið jurtir í smyrslin yfir allan veturinn eða þegar hentar. Ég hef sjálf mjög góða reynslu af smyrslinu eins og það er núna, bæði á eigin skinni og sonar míns eftir bruna, en alltaf má gera betur og það er ætlun mín. Einnig hef ég átt í viðræðum við aðila í þorpinu sem eru að rækta hamp og langar okkur að sameina krafta okkar í framtíðinni og framleiða CBD smyrsl.

Umsögn verkefnisstjórnar:

Fyrsta skref í verkefni sem líklegt er að þyrfti umtalsvert meira ef á að verða söluvara. En virðist gott fyrsta skref í vörubrúun. Þyrfti að vinna viðskiptaáætlun

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

ÞS.Flat.2024-23 Áframhaldandi uppbygging Siggasvells. Skautafélag Öfundarfjarðar

Markmið verkefnisins er að halda áfram þeirri uppbyggingu sem á sér stað við Skautasvellið á Flateyri, Siggasvell. Skautasvellið býður nú þegar upp á afþreyingu fyrir íbúa Flateyrar og aðra Vestfirðinga og dregur gesti til bæjarins. Þau verkefni sem við stefnum á í þessum áfangar eru að ljúka við byggingu grillskýlis en þar á eftir að ganga frá tveimur gluggum og setja flasningar og klæðningu utan á húsið og smíða bekki inni í húsinu. Einnig stefnum við því að breyta skúr sem er við grunnskólann í geymslu fyrir skauta og annan búnað en til þess þarf að færa hurð á skúrnum og klæða hann að innan. Byggja þarf kassa yfir lagnir sem ætlaðar eru fyrir frystipressu. Útbúa þarf net sem varna því að pekkir fari í glugga grillskýlisins og í

nærleggjandi garða/glugga. Flytja gervigras á staðinn til að búa úr því braut sem hægt er að ganga eftir á skautunum til að varna því að skemma bit. Kaupa nokkur skautapör í stærðum 45-47 þar sem þær stærðir hefur verið erfitt að fá gefins. Kaupa þarf snjóblásara til að auðvelda hreinsun svellsins sem ekki er yfirbyggt.

Umsögn verkefnisstjórnar:

Siggasvell er mjög gott og áhugavert verkefni sem hefur haft umtalsverð áhrif á Flateyri. Umsóknin er skýr og góð.

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 2.500.000,-

ÞS.Flat.2024-27 Þjónusta við kvikmyndagerð. Geir Magnússon

Hugmyndin er að stofna fyrirtæki sem kemur til með að þjónusta kvikmynda- og auglýsinga iðnaðinn. Ekkert slíkt fyrirtæki er starfrækt á vestfjörðum og eru sóknarfærin mikil.

Til að byrja með er hugmyndin að safna saman á einn stað upplýsingum um alla þá sem gætu komið að því að þjónusta kvikmynda- og auglýsingagerð á vestfjörðum. Útbúa myndabanka með ljósmyndum af öllum áhugaverðum og mögulegum tókustöðum. Útbúa mynda- og upplýsingabanka með leikurum/aukaleikurum og öllum sem hugsanlega vilja og geta unnið hinn ýmsu störf þessu tengd. Þjónusta sem þessi iðnaður þarf á að halda er gríðarlega fjölbreytt, þar má nefna: Hótel og gististaði, veitingahús og matvælafyrirtæki, verslanir, flutningsaðila, bílaleigur, smíði, rafvirkja, aukaleikara, gröfukalla, kafara osfrv. Mögulegt væri einnig, þessu samhliða, að koma á fót tækjaleigu með kvikmundatökubúnað, sem myndi auka á hagkvæmni og minnka umfang þess tækjabúnaðar sem þyrfti annars að flytja hingað fyrir hvert verkefni og þar af leiðandi gera svæðið meira aðlaðandi fyrir framleiðendur. Við sem vinnum að þessu verkefni höfum meðal annars tekið þátt í kvikmyndum og auglýsingum sem teknar hafa verið á og í nágrenni Flateyrar, þar má nefna París norðursins, Prestir, The Damned, Heart of Stone, auk fjölda auglýsinga. Þessi iðnaður er mjög mannfrekur og það að sjá reynslu byggjast upp hér mun skapa mikla möguleika á atvinnu fyrir framtíðar kvikmyndagerðarfólk á Flateyri og vestfjörðum öllum. Við sem að verkefninu stöndum höfum mjög mikla reynslu og höfum starfað við kvikmynda og auglýsingagerð í tugi ára og erum vel tengd inn í þennan heim.

Umsögn verkefnisstjórnar:

Flott umsókn og ágætt verkefni. Þarft verkefni

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.200.000,-

ÞS.Flat.2024-29 Sumarhátíð Lýðskólans á Flateyri. Lýðskólinn á Flateyri

Tilgangur sumarhátíðar Lýðskólans á Flateyri er m.a. að auka sýnileika Lýðskólans og vitund almennings á starfsemi skólans en einnig að efla lýðheilsu og menningarlíf í samfélaginu á Vestfjörðum. Sumarhátíð Lýðskólans á Flateyri er smiðjuhátíð sem stendur yfir í eina viku, seinni hluta júnímánaðar. Þátttakendur hátíðarinnar skrá sig annað hvort í lista- eða útvistarsmiðjur. Í kjölfar smiðjuvikunnar efna skipuleggjendur og þátttakendur hátíðarinnar til uppskeruhátíðar. Hátíðin samanstendur af lista- og útvistarsmiðjum þar sem þátttakendur fá að upplifa ævintýri Lýðskólans á Flateyri í örútgáfu. Í vikunni verða smiðjur sem svipa til námskeiða sem kennd eru í Lýðskólanum. Hátíðinni lýkur svo með uppskeruhátíð með sýningum, tónleikum og öðrum uppákomum.

Umsögn verkefnisstjórnar:

Markhópur verkefnisins er þínu óljós. Viðbót við Götuhátíðina á Flateyri og unnið á styrkleikum Lýðskólans. Mögulega vænlegra að tengja við Útkall um Verslunarmannahelgi

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000,-

Verkefnisstjórn vill hér með óska öllum styrkþegum til hamingju með styrkina og væntir mikils af samstarfinu.

F.h. úthlutunarnefndar

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir